

Jólafundur Gammadeildar (fjarfundur) miðvikudaginn 2. desember 2020

1. Formaður setti fundinn í beinni og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Bauð alla velkomna og þakkaði Ingibjörgu Jónasard. og Ingibjörgu Elsu sérstaklega fyrir að gera Gammadeildinni kleift að halda jólafundinn með þessum hætti þ.e. með fjarfundartækninni.
2. Nafnakall framkæmdi Hildur: mættir voru 36 félagar í rauðu með léttar veigar við hendina til að skála þegar við átti, en þær voru: Árný, Bjarndís Fjóla, Björg, Björk, Bryndís Jóna, Edda P., Elín, Fríða Bjarney, Gerður, Guðný, Hanna Halldóra, Helga Guðný, Helga Th., Hertha, Hildur J., Hildur S., Hrefna S., Hrefna P., Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín sagnfræðingur, Krístrún, Margrét, María, Pálína, Ragnhildur, Rannveig, Renata, Rósa Björg, Sigríður, Sigrún, Stefanía, Soffía, Stella og Svana.
3. Lesin var fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt samhljóða/hljóðlega – allir með á mjút.
4. Sigrún óskaði fyrir hönd Gammadeildar Hildi Jóhannesdóttur skólastjóra Dalskóla innilega til hamingju með Íslensku menntaverðlaunin sem skólinn hlaut 13. nóv. og bað fyrir kærar kveðjur til starfsfólks og nemenda. Dalskóli fékk verðlaunin í floknum framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur fyrir þróun þverfaglegra skapandi kennsluhátta, meðal annars í svokölluðum smíðjum og starfsþróunarverkefni þar sem kennarar rannsaka eigið starf. Hildur þakkaði fyrir hamingjuóskirnar og sagði að hún hefði ávalt upplifað svo kærleiksríkt viðmót og uppörfandi samskipti meðal Gammakvenna. Væri mjög ánægð með að hafa þetta tækifæri í lífinu að kynnst konum á öllum aldri með reynslu og þekkingu sem þær væru svo fúsar að miðla.
5. Orð til umhugsunar var í höndum Pálinu sem sagði frá bernskujólunum og umgjörðinni í kringum hennar uppvöxt á Hesteyri. Faðir hennar var loftskýtamaður og átti Pálína heima á Hesteyri til 12 ára aldurs, en þá flutti fjölskyldan til Ísafjarðar. Síldin horfin og ekki lengur þörf fyrir loftskýramann á Hesteyri. Jólin voru með miklum hátíðarbrag með góðum mat og grónum hefðum, bar þar hæst jólaboðið í læknishúsinu. Frásögnina í heild sinni má lesa í haustfréttabréfi DKG 2020. Lokaorð Pálinu voru: „En mér liggur annað á hjarta í þessu coveit-fári, hvað margir eru einmana og kvíðafullir og þurfa mikið á því að halda að einhver muni eftir þeim þótt ekki sé nema að hringja til þeirra. „Elskaðu náunga þinn eins og sjálfan þig“, sagði Jesús. Og fræðimaðurinn og rithöfundinn Erich Fromm tekur undir það: „Undirstaða alls kærleika er náungakærleikur. Þá hugsa ég um umhyggju, virðingu fyrir öðru fólki og ósk um að hjálpa þeim áleiðis í lífinu.“ Gleymum ekki þeim sem eru einmana um jólin og reynum að gleðja þá.“
6. Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur var boðin velkomin á fjarfundinn til að kynna og fjalla um nýjustu bókina sína Undir Yggdrasil. Hún þakkaði mikið vel fyrir að fá þetta góða boð Gammadeildar því það væri mjög lítið um bókakynningar í ár, en venjulega er afar mikið að gera í desember ef rithöfundur er að fylgja eftir nýútkominni bók. Í stuttu máli fjallar bókin um Þorgerði Þorsteinsdóttur sem ól tvíbura þegar hún var sjálf vart af barnsaldri en svo mátti hún bíða lengi eftir óskabarninu sínu, Þorkötu Dala-Kollsdóttur. Því harmþrungari eru atburðirnir eftir þingið á Þórsnesi þegar tátlan er aðeins sjö ára gömul – og öllum óskiljanlegir. Þorgerður kys heldur að leita styrks hjá skapanornunum undir askinum Yggdrasil en Hvítakristi ömmu sinnar, Auðar djúpúðgu, og leitin að sannleikanum leiðir hana í siglingu austur yfir haf og seiðför í sali Heljar. Undir Yggdrasil er grípanði skáldsaga úr sama sagnabrunni og Vilborg Davíðsdóttir sótti áhrifamikinn þríleik sinn um Auði, en fyrsta bindi hans var tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Sögulegar skáldsögur Vilborgar hafa notið mikilla vinsælda undanfarna áratugi enda varpa þær nýju og óvæntu ljósi á örlög og aðstæður íslenskra kvenna.

7. Hrefna S. stjórnaði umræðunni og hóf hana með því að spyrja Vilborgu hvaða gildi/tilgang kötturinn í bókinni hefði. Vilborg skýrði frá því að dýr væri oft fylgjur manna og hér vildi hún að hafa hvítan kött sem fylgju Þorgerðar. Komið hefur í ljós við uppgrefti að kettir hafa verið settir í gröf kvenna á landnámsöld. Vilborg var spurð um þennan áhuga hennar á landnámsöld sem kæmi fram í bókunum hennar og kom fram að hún er fædd og uppalin á Þingeyri þar sem víða eru ummerki um fyrri tíma. Telur að það hafi mótað hana mest hvað varðar áhuga hennar. Umræða varð m.a. um hugleiðslu og gyðjufræði og ekki síst um sjamalimsa sem virðist vera að ná útbreiðslu. Miklar umræður urðu um ýmis atriði í bókinni eftir upplestur Vilborgar margt hafði vakið athygli Gammakvenna s.s. lýsing á fæðingu Þorgerðar og trjámyndstrið sem væru á fylgjum sem líktist Yggdrasil. Að lokum færði Edda Vilborgu rós með rafrænum hætti, þakkaði henni fyrir kynninguna og óskaði henni áframhaldandi velgengi við bókarskrif.
8. Hildur J. flutti okkur jólaljóð eftir Maríu Rós Haraldsdóttur sem er í 10. bekk í Sæmundarskóla og spilaði með glæsibrag fyrir okkur á horn Hin fyrstu jóla eftir Ingibjörgu Þorbergsdóttur.
9. Edda formaður tók til máls og fór yfir janúarfundinn sem verður haldinn í Stapaseli hjá Ingibjörgu Jónasar ef covid lofar, en ef ekki þá verður fjarfundur. Efni fundarins verður kynning á bókaútgáfunni Angustúru og benti Edda á þrjár bækur sem Angustúra gefur út og lagði til að gammakonur myndu velja sér eina af þeim til að lesa fyrir fundinn. Heiti bókanna eru: Litla land, Glæpur við fæðingu og Einu sinni var í austri.
10. Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir frábæra þátttökuna á fundinum, óskaði öllum Gammasystrum og þeirra fjölskyldum gleðilegra jóla og slökkti á kertunum þremur.

Fundi slitið 21:40

Ritari Hildur Sk.